
EFNISTAKA ÍSTAKS Í STAPAFELLI Á REYKJANESI Ákvörðun um matsáætlun

Inngangur

Þann 9. nóvember 2016 barst Skipulagsstofnun tillaga Ístaks að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Stapafelli í Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Efnistaka í Stapafelli Reykjanesi, Tillaga að matsáætlun. Ístak og Efla, nóvember 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Grindavíkurbæ með bréfi dags. 22. nóvember 2016.
- Reykjanesbæ með bréfi dags. 16. nóvember 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 29. nóvember 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 28. nóvember 2016.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 28. nóvember 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. nóvember 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 2. desember 2016.

Framkvæmd og umhverfisáhrif

Mengunarhætta á vatnsverndarsvæði

Í tillögu framkvæmdaraðila kemur fram að Stapafellsnáma liggur innan vatnsverndarsvæðis Reykjanesbæjar og Grindavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja bendir á að um sé að ræða grann- og fjarsvæði vatnsverndar. Eins og fram komi í skýrslunni séu jarðlög og hraun afar sprungin á svæðinu. Hætta á mengun grunnvatns vaxi því samfara aukinni umferð flutningstækja og vinnuvéla. Það þurfi því að gera nákvæma grein fyrir meðhöndlun olíu og spilliefna, þ.m.t. eldsneytisáfyllingum, viðgerðum véla og starfsmannaaðstöðu.

Skipulagsstofnun bendir á með hliðsjón af ofangreindu að í frummatsskýrslu er nauðsynlegt að gera grein fyrir staðsetningu eldsneytistanka, efnageymslu, starfsmanna- og viðgerðaaðstöðu. Jafnframt þarf að gera grein fyrir helstu efnum sem geymd verða á framkvæmdasvæðinu, magni þeirra og hvaða ráðstafanir verða gerðar til að lágmarka hættu á mengun.

Ásýnd, landslag og jarðmyndanir

Í tillögu framkvæmdaraðila kemur fram að ætlunin sé að starfrækja námu á þessu svæði um nokkurt skeið eða til a.m.k. ársins 2030 og áhrif vinnslunnar á ásýnd svæðisins séu því langvarandi. Í



frummatsskýrslu verður fjallað um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar, áhrif á einkenni landslags og frágang náunnar. Áhrifa af efnistöku gæti nú þegar en gerð verði grein fyrir viðbótaráhrifum af vinnslu á næstu árum. Um jarðmyndanir segir að í frummatsskýrslu verði jarðfræði fyrirhugaðs rannsóknarsvæðis lýst, ásamt því að fjalla um sérstöðu þeirra og verndargildi. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðfræðilega þætti verða metin og lagðar til mótvægisáðgerðir ef nauðsynlegt þykir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar eigi að gera grein fyrir ásýnd svæðisins ef svo færi að allt fjallið hyrfi. Einnig ætti að gera grein fyrir verndargildi þeirra jarðmyndanana sem Stapafell er hluti af og enn eru óraskaðar.

Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að gera grein fyrir samlegðaráhrifum allrar efnistöku í Stapafelli. Í frummatsskýrslu þarf að gera skilmerkilega grein fyrir samlegðaráhrifum allrar efnistöku í Stapafelli á landslag, ásýnd og jarðmyndanir.

Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Ístaks að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemd.

1. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir staðsetningu eldsneytistanka, efnageymslu, starfsmanna- og viðgerðaaðstöðu. Jafnframt þarf að gera grein fyrir helstu efnem sem geymd verða á framkvæmdasvæðinu, magni þeirra og hvaða ráðstafanir verða gerðar til að lágmarka hættu á mengun.
2. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir samlegðaráhrifum allrar efnistöku í Stapafelli á landslag, ásýnd og jarðmyndanir.

Jafnframt viðhafi framkvæmdaraðili það verklag sem hann kynnti í bréfi dags. 2. desember 2016, þar sem hann brást við framkomunum umsögnum.

Framkvæmdaraðili getur kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun Skipulagsstofnunar, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 22. desember 2016.

Hólmfríður Bjarnadóttir

Sigurður Ásbjörnsson